

Fimmtudaginn 18. september 1997.

Nr. 181/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Friðgeiri Sveinssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og jafnframt af hálfu ákærvalds með stefnu 23. apríl 1997 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. sama mánaðar. Ákærvaldið krefst staðfestingar á sakfellingu, en þyngingar á refsingu og greiðslu skaðabóta, eins og í ákæru greinir. Þá er þess einnig krafist, að ákvæði héraðsdóms um fjárhæð saksóknarlauna og málsvarnarlauna verði tekin til endurskoðunar.

Ákærði krefst sýknu bæði af kröfu um refsingu og skaðabætur.

Fyrir Hæstarétti hefur málið verið flutt af hálfu Björns Halls Gunnarssonar, að því er varðar bótakröfu hans á hendur ákærða. Af hálfu Björns er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 514.288 krónur, með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. október 1995 til 1. júlí 1996, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu vegna kostnaðar af gæslu hagsmuna Björns fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem greint er í héraðsdómi, var Ólafur Ingi Heimisson vitni að atvikum 15. október 1995, sem urðu tilefni ákæru í málinu. Vitnið ber, að upphaf atburðanna hafi mátt rekja til þess, að leðurjakki í eigu ákærða hafi verið tekinn í misgripum á skemmtistaðnum Sindrabæ í Hornafirði. Sá, sem tók jakkann, hafi neitað að skila honum og ráðist á ákærða ásamt félögum sínum. Ekki hafi árásarmönnum þó vegnað vel, því að ákærði hafi fyrst snúið einn niður og tekið síðan annan hálstaki, svo að hann missti meðvitund. Björn

Hallur Gunnarsson hafi komið að og ætlað að hjálpa þeim, sem ákærði hélt hálstaki. Hafi þá ákærði sparkað í handlegg Björns.

Björn Hallur Gunnarsson greinir þannig frá atvikum fyrir héraðsdómi, að hann hafi verið á leið frá Sindrabæ umrætt sinn og séð, hvar ákærði hafi haldið kunningja hans, Sigurði Ægi Birgissyni, á jörðinni með hálstaki. Hafi Sigurður verið rænulaus. Björn kvaðst hafa skorist í leikinn með því að rífa ákærða af Sigurði. Björn sagðist hafa síðan stumrað yfir Sigurði, hrist hann til og hann rankað við sér fljótlega. Kvaðst Björn þá hafa orðið fyrir sparki frá ákærða, sem hafi hlaupið rակleitt á brott. Sagðist Björn hafa þegar orðið þess var, að handleggur sinn hefði brotnað af þessu sparki.

Fallast verður á með héraðsdómara, að sannað sé með framangreindu, að ákærði hafi sparkað í handlegg Björns Halls Gunnarssonar með þeim afleiðingum, að hann hafi hlotið beinbrot á handlegg. Af lýsingu vitna á atburðinum verður hins vegar að telja ósannað, að ákærði, sem átti í vök að verjast tilefnislausri árás þriggja manna, hafi vísitandi sparkað í Björn. Vegna þessa verður brot ákærða talið varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, var ákærða gert í Héraðsdómi Reykjavíkur 8. desember 1995 að greiða 20.000 króna sekt vegna brota gegn nánar tilteknum ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987. Verður refsing ákærða því nú ákveðin samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga. Eins og atvikum er hér háttað og með vísan til 75. gr. sömu laga, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt í ríkissjóð, sem greiða ber innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en ella sæti ákærði varðhaldi í sex daga.

II.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður fallist á, að ákærði beri að fullu bótaábyrgð á tjóni, sem Björn Hallur Gunnarsson varð fyrir vegna fyrrgreindrar árásar ákærða.

Samkvæmt gögnum málsins var Björn óvinnufær til janúarloka 1996 og missti af fimm veiðiferðum með skipinu Þórunni Sveinsdóttur, VE 401, sem hófust 3., 19. og 28. nóvember 1995 og 3. og 9. janúar 1996. Sótti hann bætur fyrir missi tekna í veiðiferðunum þremur í nóvember til útgerðar skipsins með málsókn og hefur

fengið þær greiddar. Á Björn því óbætt atvinnutjón vegna veiðiferðanna tveggja í janúar 1996. Svo sem greinir í héraðsdómi, er ekki deilt um fjárhæð þess tjóns. Verður því fyrsti liður í kröfum Björns, sem er vegna tímabundins atvinnutjóns í tengslum við þessar veiðiferðir, tekinn að fullu til greina með 280.506 krónum.

Eins og atvikum er háttað í málinu, eru ekki skilyrði samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 til að dæma Birni miskabætur úr hendi ákærða. Verður því ekki tekinn til greina annar liðurinn í kröfum Björns, sem að þessu snýr.

Priðji kröfuliður Björns er um þjáningabætur vegna tímabilsins frá 15. október 1995 til 17. janúar 1996, samtals 60.600 krónur. Samkvæmt málflutningi af hans hálfu er réttur til þessara bóta reistur á 3. gr. laga nr. 50/1993, og kveður hann fjárhæð kröfunnar reiknaða samkvæmt 1. málslíð 1. mgr. ákvæðisins, sbr. 15. gr. laganna. Ákærði hefur ekki mótmælt sérstaklega fyrrgreindri lengd tímabilsins, sem þjáningabóta er krafist fyrir, eða útreikningi fjárhæðar þeirra. Með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1993 verður því kröfuliður þessi tekinn að fullu til greina.

Eins og getið er í héraðsdómi, eru fjórði og fimmti kröfuliður Björns, vegna útlagðs kostnaðar og lögfræðiaðstoðar, óumdeildir. Verða þeir því teknir til greina óskertir með samtals 44.682 krónum.

Samkvæmt framangreindu verða teknir til greina liðir í kröfum Björns á hendur ákærða, að fjárhæð samtals 385.788 krónur. Með vísan til 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður jafnframt tekin til greina krafa um greiðslu kostnaðar af gæslu hagsmuna Björns fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 15.000 krónur. Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn um, að Björn hafi fengið greidda sjúkradagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið 28. október 1995 til 17. janúar 1996, samtals 45.188 krónur. Sú fjárhæð kom að engu leyti til frádráttar bótum, sem honum voru dæmdar samkvæmt áðursögðu úr hendi vinnuveitanda síns. Er því rétt, að þessi fjárhæð dragist í heild frá þeim bótum, sem Birni verða nú dæmdar, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1993. Verður ákærða því gert að greiða honum 355.600 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, en dráttarvextir af bótakröfunni að frátöldum kostnaði vegna hagsmunagæslu fyrir Hæstarétti verða dæmdir frá þingfestingu málsins í héraði, enda verður ekki séð, að

bótakrafan hafi verið kynnt ákærða á fyrri stigum. Um dráttarvexti af kostnaði vegna hagsmunagæslu fyrir Hæstarétti fer samkvæmt því, sem mælt er fyrir í 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

III.

Með hinum áfrýjaða dómi var ákærða gert að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 60.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur. Þess er sérstaklega getið í forsendum héraðsdóms, að í þessum efnum hafi verið tekið tillit til ferðalaga verjandans til og frá þingstað. Samkvæmt gögnum, sem hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, voru verjanda sérstaklega greiddar úr ríkissjóði samtals 39.358 krónur í ferðakostnað vegna málsins. Að því gættu þykir hæfilegt, að málsvarnarlaun í héraði verði ákveðin 45.000 krónur, en að öðru leyti verða staðfest ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Friðgeir Sveinsson, greiði 20.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 6 daga.

Ákærði greiði Birni Halli Gunnarssyni 355.600 krónur með ársvöxtum af 340.600 krónum sem hér segir: 0,6% frá 15. október 1995 til 1. febrúar 1996, 0,9% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 0,9% frá þeim degi til 21. apríl sama árs, 0,8% frá þeim degi til 11. maí sama árs, 0,7% frá þeim degi til 1. október sama árs, en 0,8% frá þeim degi til 22. nóvember sama árs. Frá þeim degi greiðist dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 340.600 krónum til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest að öðru leyti en um fjárhæð málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, sem ákveðin er 45.000 krónur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 25. febrúar 1997.

Ár 1997, þriðjudaginn 25. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu S-66/1996.

Mál þetta, sem þingfest var 22. nóvember 1996, en tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 6. febrúar 1997, er höfðað með svofelldri ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 26. september 1996, „á hendur Friðgeiri Sveinssyni, Byggðarenda 14, Reykjavík, fæddum 3. júlí 1973, fæðingarnúmer 470, fyrir líkamsmeiðsl aðfaranótt sunnudagsins 15. október 1995 með því að hafa í áflogum fyrir utan skemmtistaðinn Sindrabæ, Hafnarbraut 17, Hornafirði, sparkað í hægri hönd Björns Halls Gunnarssonar, fædds 23. janúar 1970, með þeim afleiðingum, að hann hlaut þverbrot á öðru beini framhandleggjar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Þá krefst Bernhard Bogason hdl. skaðabóta fyrir hönd Björns Halls Gunnarssonar, kt. 230170-5179, Rangá, Hróarstungu, að fjárhæð 514.288 kr., með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. október 1995 til 1. júlí 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 1. júlí 1996 til greiðsludags“.

Við flutning málsins krafðist sækjandi, Páll Björnsson sýslumaður, þess, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna saksóknarlauna í ríkissjóð.

Ákærði hefur neitað sök, og hefur verjandi hans krafist þess aðallega, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds og skaðabótakröfu vísað frá dómi. Til vara er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til vægustu skilorðsbundinnar refsingar, sem lög leyfa, og bótafjárhæð verði lækkuð frá því, sem krafist er. Þá krefst verjandi málsvarnarlauna að mati réttarins.

Málavextir.

Aðfaranótt sunnudagsins 15. október 1995 var ákærði staddur í skemmtistaðnum Sindrabæ á Hornafirði. Komið var að lokun staðarins, og er ákærði ætlaði að ná í leðurjakka sinn í fatahengi, var hann horfinn. Við eftirgrennslan sá ákærði, að ókunnur maður, Benedikt Örn Valsson, var í

jakkann. Ákærði óskaði eftir því, að Benedikt Örn afhenti sér jakkann. Benedikt var einhverra hluta vegna tregur til og svaraði honum með leiðinlegum athugasemdum. Kom til ryskinga milli ákærða og Benedikts, og fékk ákærði loks jakkann í sínar hendur. Í framhaldi þessa lenti ákærði skömmu síðar fyrir utan samkomuhúsið í áflogum við a. m. k. tvo félaga Benedikts Arnar, fyrst Svanberg Guðleifsson og þá Sigurð Ægi Birgisson. Er ákærði hafði Sigurð Ægi í tökum, ætlaði Björn Hallur Gunnarsson að aðstoða Sigurð Ægi. Björn Hallur kvað ákærða þá hafa sparkað í hönd sína með þeim afleiðingum, sem getur um í ákæru. Ákærði og Björn Hallur voru skipsfélagar á þeim tíma, er atburðir gerðust. Eftir átökin hafði ákærði samband við lögreglumenn, sem voru í lögreglubifreið við skemmtistaðinn, og kvartaði við þá um, að ráðist hefði verið á sig að tilefnislausu. Lögreglumennirnir óku ákærða því næst til dvalarstaðar hans á Höfn.

Ákærði kvaðst ekkert hafa átt sökótt við Björn Hall. Kvaðst hann hvorki minnst þess, að Björn Hallur hefði haft afskipti af áflogunum nefnt sinn, né að hann hafi sparkað til Björns Halls. Ákærði kvað Benedikt Örn og sennilega þrjá félaga hans hafa ráðist á sig, og hafi hann einungis verið að verja hendur sínar. Ákærði kvaðst minnst þess, að einhver hefði „rifið“ Sigurð Ægi af sér, er hann hafði hann í tökum. Hafi Sigurður Ægir þá verið hættur að streitast á móti. Ákærði kvaðst ekki vita, hver sá maður hefði verið. Átökin við árásarmennina hefðu verið mikil, og hefðu fót sín rifnað svo, að hann hefði verið ber að ofan.

Björn Hallur Gunnarsson kvaðst ekki hafa fylgst með aðdraganda áfloganna, en séð ákærða og Sigurð Ægi liggja á jörðinni fyrir utan skemmtistaðinn. Hefði ákærði haldið um háls Sigurðar Ægis, sem hefði verið máttlaus. Kvaðst Björn Hallur hafa talið, að hugsanlega væri eitthvað alvarlegt að Sigurði Ægi, og því rifið ákærða af honum. Er hann hefði verið að stumra yfir Sigurði Ægi og reyna að fá hann til meðvitundar, hefði ákærði veitt sér mikið spark í handlegginn og hann strax fundið mikinn sársauka.

Vitnið Ólafur Ingi Heimisson kvaðst hafa fylgst með atvikum frá upphafi til enda. Kvað hann Benedikt Örn hafa neitað að afhenda ákærða jakka hans, þótt ljóst hefði verið, að ákærði ætti jakkann. Hefði Benedikt Örn ráðist á ákærða og síðar einnig Svanberg og þá Sigurður Ægir. Kvað vitnið, að svo hefði virst sem Björn Hallur hefði ætlað að athuga líðan Sigurðar Ægis og því losað hann úr greipum ákærða, er ákærði hefði sparkað í handlegg Björns Halls. Hefði ákærði þá legið á jörðinni, en Björn Hallur fallið við, er hann fékk höggið. Vitnið kvað Björn Hall ekkert hafa skipt sér af átökunum að öðru leyti, en sér hefði virst sem ákærði hefði „sparkað út í loftið til að verja sig“, eins og vitnið komst að orði. Vitnið kvað fót ákærða hafa rifnað vegna átakanna og hann verið ber að ofan.

Sigurður Ægir kvaðst hafa verið verulega ölvaður nefnt sinn. Kvaðst hann hafa ráðist að ákærða, eftir að félagi sinn, Svanberg, hefði kvartað um verk í hálsi af höggi, sem ákærði átti að hafa veitt honum. Sigurður Ægir kvað ákærða hafa tekið sig hálstaki og hann misst meðvitund og geti því ekki skýrt frekar frá atvikum. Sigurður Ægir kvað Björn Hall hafa fylgt sér heim síðar um nóttina, og hefði Björn Hallur sagt sér, að ákærði hefði sparkað í sig í handlegg, svo að meiðsl hefðu af hlotist.

Benedikt Örn Valsson og Svanberg Guðleifsson kvaðust ekki muna eftir atvikum nefnt sinn vegna mikillar ölvunar. Benedikt Örn kvaðst ekki telja, að hann hefði lent í átökum við ákærða. Kvaðst hann hafa tekið jakka ákærða í misgripum og hreytt í ákærða ónotum, er ákærði vildi fá jakkann afhentan, án þess að geta skýrt ástæðu fyrir því háttalagi sínu. Þá kvaðst Svanberg muna, að Björn Hallur hefði talað við sig þá um nóttina og sagst vera handleggsbrotinn. Svanberg nefndi einnig, að hann hefði verið slæmur í hálsi daginn eftir.

Lögreglumaðurinn Sigurður Guðnason kvað ákærða hafa komið að máli við sig og annan lögreglumann, þar sem þeir voru í lögreglubifreið fyrir utan skemmtistaðinn. Hefði ákærði verið kurteis, en borið sig illa og kvartað undan því, að menn hefðu ráðist að sér. Fram kom hjá lögreglumanninum, að lögregla hefði nokkrum sinnum þurft að hafa afskipti af Benedikt Erni, Sigurði Ægi og Svanberg vegna áfloga.

Í gögnum málsins er að finna vottorð frá Mána Fjalarssyni heilsugæslulækni, þar sem fram kemur, að Björn Hallur leitaði sér lækninga sömu nótt og atvik gerðust. Kemur fram, að Björn Hallur hafi verið brotinn á öðru beini framhandleggjar og illa haldinn vegna sársauka. Hafi hann fengið við-eigandi verkjameðferð og handleggurinn verið settur í gifs. Daginn eftir kom Björn Hallur í skoðun í Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað. Í vottorði Eggerts Jónssonar yfirlæknis, dagsettu 27. desember 1995, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, rekur læknirinn sjúkrasögu Björns Halls. Segir þar m. a.: „Hann var rannsakaður á heilsugæslustöðinni á Höfn og með röntgenmyndum staðfest, að um brot á ulna var að ræða u. þ. b. 7 cm frá neðri enda beinsins. Var töluverð skekkja á þessu, en síðan var búið um þetta með gifsspelku, sem náði upp fyrir olnboga.

Björn fór síðan til Egilsstaða og leitaði þar lækni vegna verkja. Var þá losað um gifsíð, og leið honum betur. Björn var síðan sendur til undirritaðs.

Við skoðun var ástand hans gott, fingur óbólgur og eðlilegur distalstatus. Um var að ræða diafysu fracturu á ulna með hliðrun ca. hálfa beinbreidd og nauðsynlegt að gera aðgerð. Hinn 18. 10. 1995 var gerð opin aðgerð og brotið rétt og fest með stálplötu og skrúfum. Eftirmeðferð eftir

slíkan áverka er gífs til hlífðar u. þ. b. sex vikur, en síðan æfingar. Slíkt brot þarf a. m. k. þrjá mánuði til að gróa, áður en verulegt álag er lagt á handlegginn.

Sjúklingur dreif sig til Reykjavíkur föstudaginn 20. 10. til að sinna erindum. En 27. 10. 1995 var hringt frá slysadeild Borgarspítalans, en þangað hafði sjúklingur leitað vegna bólgu og verkja. Ekkert alvarlegt kom í ljós, en gífs var sett á aftur. Við fyrirhugað eftirlit 10. 11. 1995 voru saumar teknir og gífs nú haft einungis á olnboga, svo að hægt væri að æfa hann. Skömmu eftir þessa heimsókn hringdi vakthafandi læknir á Egilsstöðum, en þá hafði Björn komið þangað eftir næturfylliri og var búinn að týna gífsinu. Hann gaf þá skýringu, að hann hefði þurft að heilsa svo mörgum, að gífsið hefði verið til trafala. Röntgenmyndir leiddu ekki í ljós neina breytingu á brotinu. Björn kom síðan í fyrirhugað eftirlit 1. 12. 1995, og var þá líðan hans eðlileg eftir atvikum, handleggurinn vöðvarýr, eins og við var að búast, og ákveðið að byrja æfingar. Áætlað er, að Björn verði vinnufær um miðjan janúar. Stálplötu skal fjarlægja u. þ. b. ári eftir fyrstu aðgerð.“

Niðurstöður.

Hafa ber í huga, að allir þeir, sem komu við sögu nefnda nótt, voru undir áhrifum áfengis. Framburður vitnisins Ólafs Inga Heimissonar er nokkuð skýr, en hann hafði engin afskipti af átökunum nefnt sinn. Hins vegar er framburður Benedikts Arnar og Svanbergs óljós, og kveðast þeir lítið muna eftir atvikum sökum ölvunar. Af framburði ákærða og vitna fyrir dómi verður sú ályktun helst dregin, að ákærði hafi að tilefnislausu orðið fyrir árás þriggja manna nefnt sinn, og hafi hann aðallega verið að reyna að verja hendur sínar. Af framburði Björns Halls Gunnarssonar, sem styðst við framburð vitnisins Ólafs Inga Heimissonar, virðist sem Björn Hallur hafi ekki ætlað að skipta sér af átökunum að öðru leyti en með því að koma Sigurði Ægi til hjálpar, en upplýst er, að Sigurður Ægir var þá meðvitundarlítill og hreyfingarlaus í fangi ákærða. Með framburði kæranda og Ólafs Inga Heimissonar er sannað, að ákærði sparkaði þá í hægri hönd Björns Halls. Samkvæmt framburði vitna kveinkaði Björn Hallur sér vegna höggins og hafði strax orð á því við viðstadda, að hann hlyti að vera handleggsbrottinn, og leitaði hann til læknis þegar um nóttina. Birni Halli annars vegar og ákærða og Ólafi Inga hins vegar ber ekki saman um það, hvort ákærði hafi staðið eða legið, er hann sparkaði í Björn Hall, en líklegt má telja, að ákærði hafi legið á jörðinni með Sigurð Ægi í tókum, er Björn Hallur fékk sparkið. Samkvæmt framansögðu telst ákærði hafa gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákeru og réttilega er færð til refsíákvæðis.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann undir sektargreiðslu, 4.000

kr., með dómsátt árið 1990 fyrir brot gegn 21. gr. áfengisлага. Þá var ákærða 8. desember 1995 í Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt heimild í 124. gr. laga um meðferð opinberra mála gert að greiða 20.000 krónur í sekt til ríkissjóðs vegna brota gegn 37. gr. og 48. gr. umferðarlaga.

Þrátt fyrir það að telja verði, að Björn Hallur hafi ekki ráðist að ákærða, eins og áður er rakið, verður að telja, að ákærði hafi, er hann lá á jörðinni, sparkað frá sér í varnarskyni, eftir að a. m. k. þrír menn höfðu ráðist á hann, og hafi honum því fundist sem sótt væri að sér úr öllum áttum. Virðist raunar sem ákærði hafi á þeirri stundu ekki fyllilega gert sér grein fyrir því, í hvern hann sparkaði og hverjar afleiðingarnar voru. Þá eru tæp tvö ár liðin frá því, að ákærði framdi brot sitt, en ákærði hefur ekki áður gerst sekur um líkamsárás. Þegar lítið er til framanritaðs og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 50.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, sem ákærða ber að greiða innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en ella sæta varðhaldi í 20 daga.

Skadabætur.

Bótakrafa Björns Halls Gunnarssonar sundurliðast þannig:

1. Tímabundið atvinnutjón	kr.	280.506
2. Miskabætur	–	128.500
3. Þjáningabætur (tímabilið 15. október 1995 til 17. janúar 1996)	–	60.600
4. Útlagður kostnaður	–	13.557
5. Lögfræðiaðstoð m. vsk.	–	31.125
Samtals	kr.	514.288

Þá er krafist vaxta af kröfufjárhæðinni skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. október 1995 til 1. júlí 1996, er krafa um bætur var gerð, en að dráttarvextir skv. III. kafla vaxtalaga reiknist af heildarkröfunni frá þeim degi til greiðsludags.

Eins og að framan er rakið, hefur ákærði á saknæman og ólögmetan hátt valdið Birni Halli Gunnarssyni þeim meiðslum, sem greint er frá í ákæru og fram lögðum áverkavottorðum. Af hálfu ákærða hefur verið krafist verulegrar lækkunar á bótakröfunni. Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er ekki fallist á það með verjanda, að Björn Hallur hafi sýnt af sér framkomu nefnt sinn, sem leiða eigi til þess, að hann skuli bera hluta tjóns síns sjálfur.

Verður nú farið í einstaka liði bótakröfunnar.

Kröfuliður 1. Ekki er deilt um fjárhæð þess vinnutjóns, sem Björn Hallur varð fyrir vegna atviksins. Kröfuliður þessi samræmist fram lögðum gögn-

um um laun afleysingarmanns Björns Halls fyrir tímabilið 3. til 25. janúar 1996, og verður hann tekinn til greina, eins og hann er fram settur.

Kröfuliðir 2 og 3. Telja verður, að fullnægt sé skilyrðum 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 um miska. Samkvæmt 3. gr. skaðabótalaga ber einnig að taka til greina kröfu um þjáningabætur, en samkvæmt svokallaðri sjúkradagbók Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað lauk lækni meðferð Björns Halls 17. janúar 1996, en Björn Hallur var þó aldrei rúmliggjandi. Ákveðast bætur fyrir þjáningu og miska samtals 70.000 krónur.

Kröfuliðir 4 og 5. Ekki er sérstakur ágreiningur um fjárhæðir samkvæmt þessum kröfuliðum, og styðjast þær við fram lögð gögn. Eru þær kröfur því teknar til greina.

Af gögnum málsins virðist sem ákærða hafi ekki verið birt bótakrafan fyrr en við birtingu ákæru. Hins vegar er ekki að finna gögn um, hvenær lögregla birti ákærða ákæruna. Þykir því rétt að miða við þingfestingu málsins, þegar upphafstími dráttarvaxta er ákveðinn. Að öðru leyti er ekki ágreiningur um vexti.

Samkvæmt framansögðu ber ákærða því að greiða Birni Halli Gunnarsyni, kt. 230170-5179, 395.188 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 15. október 1995 til 22. nóvember 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber ákærða að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur. Hefur þá sérstaklega verið tekið tillit til ferðalaga verjanda til og frá þingstað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Friðgeir Sveinsson, kt. 030773-4709, greiði 50.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Ákærði greiði Birni Halli Gunnarsyni, kt. 230170-5179, 395.188 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 15. október 1995 til 22. nóvember 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla M. Auðbergssonar héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur.